

FUNDARGERÐ

29. Fundar stjórnar byggðarsamlagsins Bergrisans bs.

Fundarstaður:	Hótel Selfoss
Fundartími:	Fimmtudagur 19. október 2017 kl. 11.00
Mættir:	Stjórnarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Ásgeir Magnússon. Auk þess sátu þær, Ingibjörg Garðarsdóttir og María Kristjánsdóttir fundinn.
Ritari fundarins:	Ásgeir Magnússon

Gerðir fundarins

1. Þjónustusamningur vegna sértækrar þjónustu

Vísað er í umfjöllun stjórnar um málið á fundi 19. sept. sl. Stjórnin samþykkir framkomin samningsdrög og felur Maríu Kristjánsdóttur að undirrita samninginn. Samningurinn er afturvirkur frá síðasta SIS mati viðkomandi einstaklings.

2. Hækkanir til sjálfstæðra þjónustuaðila

Samþykkt að hækkanir til sjálfstæðra þjónustuaðila á næsta ári taki mið af þeirri skiptingu að 70 % greiðslna fari til launa og 30 % í annan rekstrarkostnað. Launaliðurinn hækki um 3%, en aðrir rekstrarliðir um 1,5%.

Greiðslur til Sólheima taki mið af 448 milljóna greiðslu þessa árs og að greiðsla til Skaftholts taki mið af 88,8 mkr greiðslu þessa árs.

3. NPA samningur

Rætt um óskir um frekari hækkanir á samningnum. Stjórnin ítrekar að ekki verða gerðar aðrar breytingar á þeim samningi en samþykktar voru 19. september s.l.

4. Staða vistunarmála í Kerlingardal

Rætt um stöðu mála varðandi vistunarmál í Kerlingardal, en nú eru aðeins tveir vistmenn þar og ljóst að heimilið verður ekki rekið áfram með tveimur vistmönnum. Ákveðið var að stjórnin fundi við fyrsta tækifæri með Karli Pálmasyni um stöðuna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.10

Ásta Stefánsdóttir formaður

Aldís Hafsteinsdóttir

Ásgeir Magnússon